

Matvælastofnun
b.t. Andra Snæs Þorsteinssonar
Austurvegi 64
800 Selfoss

Reykjavík, 10. mars 2022
UST202202-240/A.Þ.
08.12.01

Efni: Umsögn - Ræktunarleyfi fyrir skeldýrarækt í Borgarfirði

Vísað er til erindis Matvælastofnunar (MAST) er barst 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn á ræktunarleyfi frá Nesskel ehf. (hér eftir nefnd rekstraraðili) vegna skeldýraræktar í Borgarfirði. Óskar því MAST eftir umsögn Umhverfisstofnunar varðandi það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdarlýsing

Rekstraraðili fyrirhugar að rækta bláskel (krækling) í Borgarfirði. Hér er þó aðeins um söfnun á skel að ræða en enginn ræktunarbúnaður verður á svæðinu. Notast verður við kræklingaplóg til að safna skelinni um borð í bát. Því næst er skelin þvegin og stærðarflokkuð og sú skel sem er ekki af nýtanlegri stærð er sett aftur út á svæðið.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði er á náttúruminjaskrá og flokkast sem aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Um svæðið segir m.a.: „*Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Stofnunin telur þó að fyrirhuguð söfnun kræklinga á svæðinu hafi ekki umtalsverð áhrif á verndargildi svæðisins.

Vistfræði- og erfðafræðiáhrif

Kræklingur er innlend skeldýrategund við Ísland og því ekki hættu á óæskilegum vist- eða erfðafræðilegum áhrifum af ræktun hennar í íslenskum fjörðum að mati Umhverfisstofnunar.

Kræklingurinn nærast á þeirri fæðu sem er til staðar á ræktunarsvæðinu með síun örsmárra agna úr sjónum og er ekki fóðraður.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun hefur farið yfir umsókn rekstraraðila og telur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi ekki tilefni til hættu á vistfræði- eða erfðafræðiahrifum vegna fyrirhugaðrar ræktunar og söfnunar á kræklingi.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson,
sérfræðingur